

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar.

Dagsetning fundar: 2. júní 2010.

Tímasetning fundar: kl. 18:00 - 19:00

Fundarstaður: Amokka Borgartúni.

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	formaður	Mætt
Jófríður Guðmundsdóttir (JG)	varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Anna Inga Grímsdóttir (AIG)	gjaldkeri	Mætt
Anna Laxdal Þórólfsdóttir (AL)	meðstjórnandi	Fjarverandi

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

1. Aðildir kvennakóra.

Farið var yfir aðildir kvennakóra hjá Gígjunni. AG ætlar að hafa samband við þá kóra sem hafa verið í frúi og athuga hvort þeir séu farnir að starfa aftur. JG ætlar að hafa samband við Margréti Bóasdóttur varðandi Háskólakórinn og aðild hjá þeim. Kvennakórinn Salka hafði talað um að sækja um aðild en eiga eftir að senda formlega umsókn og senda nánari upplýsingar um kórinn. JG ætlar að ítreka við þær um formlega umsókn. JG ætlar að senda póst til allra aðildarkóra og biðja stjórnir um að athuga hvort allar upplýsingar séu réttar á heimasíðu Gígjunnar.

2. Tónlistarsjóður menntamálaráðuneytis.

AIG sótti um styrk hjá tónlistarsjóð menntamálaráðuneytisins vegna jólalagsins sem Elín Gunnlaugsdóttir ætlar að semja fyrir Gígjuna.

3. Nótur.

SH ætlar að hafa samband við Sigrúnu Óskarsdóttur sem hafði á sínum tíma umsjón með samkomulagi við Tónverkamiðstöðina vegna nótna fyrir kvennakóra.

4. Tenglar á vefsíðu.

JG og SH taka að sér að setja upp tengla á vefsetri vegna upplýsinga um staði vegna æfingabúða. Einnig er ætlun að senda spurningalista til kóranna september.

5. Landsmótslag.

AG ætlar að vera í sambandi við Jórúkórinn vegna landsmótslagsins og athuga hvenær áætlað er að lagið verði tilbúið. Gott er að kórarnir fái lagið sem fyrst til æfinga. Ekki var hægt að breyta dagsetningu landsmóts kvennakóra eins og ósk hafði komið um frá Kvennakór Reykjavíkur.

6. Hugmyndir að efni á aðalfundi.

Hugmyndir að efni á aðalfundi voru viðraðar, meðal annars að heiðra konur á aðalfundi og leita þá eftir tilnefningum frá aðildarkórnum. Upp kom sú umræða að senda á formenn kóranna póst og athuga hvort þeir hefðu einhverjar hugmyndir að efni, sem þeir vildu koma á framfæri til að hafa á aðalfundi Gígjunnar. Einnig kom sú hugmynd að hafa kórstjórafund í samfloti við aðalfund Gígjunnar.

7. Landsmótsnefnd.

Ákveðið var að hafa samband við landsmótsnefnd og funda með þeim þegar næsti stjórnarfundur verður hjá Gígjunni..

Ákveðið var að halda næsta stjórnarfund þann 26. ágúst kl. 18:00 á Súfistanum Hafnarfirði.

Fundi var slitið kl. 19:00.

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir